# SANNFÆRANDI SIGUR STJÖRNUNNAR Á KA/ÞÓR

19.02.2014 | Handbolti

Stjörnuhraðlestin hélt áfram sigurgöngu sinni þegar þær mættu norður yfir heiðar í dag og unnu stórsigur 16-33 á KA/Þór.

Í upphafi leiks var þó jafnræði með liðunum en eftir korters leik tóku Stjörnustúlkur öll völd á vellinum og stungu hreinlega af. KA/Þór var í erfiðleikum með sterka Stjörnuvörnina og þar fyrir aftan var Florentina óárennileg. Ekki nóg með að hún verði heldur dældi hún boltum fram í hraðaupplaup sem skópu forskot Stjörnunnar.

Hálfleiksstaðan var 6-17 og úrstlitin ráðin. Stjarnan hóf seinni hálfleikinn með sömu látunum en sóknarlega gekk ekkert hjá heimastúlkum. Þegar leið á hálfleikinn hresstust þær þó en lokatölur urðu 16-33.

Ekki mikið um hann að segja, stelpurnar virtust bera full mikla virðingu fyrir toppliðinu og því fór sem fór. Markvarslan hjá KA/Þór var langljósasti punkturinn í leiknum en bæði Sunna Pétursdóttir og Lína Aðalbjargardóttir stóðu sig með miklum ágætum.

**Mörk KA/Þór**: Martha Hermannsdóttir 4, Katrín Vilhjálmsdóttir 3, Stefanía Theodórsdóttir 2, Klara Fanney Stefánsdóttir 2, Arna Kristín Einarsdóttir 2, Erna Davíðsdóttir 1, Laufey Lára Höskuldsdóttir 1, Þórunn Eva Sigurbjörnsdóttir 1.

**Mörk Stjörnunnar**: Hanna Guðrún Stefánsdóttir 9, Sólveig Lára Kjærnested 7, Esther Viktoría Ragnarsdóttir 6, Jóna Margrét Ragnarsdóttir 4, Helena Rut Örvarsdóttir 3, Guðrún Ósk Kristjánsdóttir 2, Þórhildur Gunnarsdóttir 2.

**Jón Óskar** sendi okkur myndirnar frá leiknum en hér er hægt að **skoða fleiri myndir**.

TIL BAKA

Líkar þetta Nýskráðu þig til að sjá hvað vinir þínir kunna að meta

FRÉTTIR
UM HANDKNATTLEIKSDEILD
LEIKIR MEISTARAFLOKKS KARLA
LEIKIR MEISTARAFLOKKS KVENNA
LEIKMENN KA
LEIKMENN KA/ÞÓRS
MYNDIR
YNGRIFLOKKAR
MEISTARAFLOKKUR KVENNA
TENGLAR
KA-VARP
VINNUM LEIKINN KA MENN
KA/ÞÓR - SIGURINN HEIM!
EVRÓPULEIKIR KA Í HANDBOLTA
SÖGULEGT YFIRLIT HANDBOLTA Í KA